


Meðan gamalgrónar samsýningar eins og Haustsýning FÍM láta æ meir á sjá með hverju árinu sem líður, þá blómstra ýmsar aðrar og óformlegri hópsýningar, sem ekki eru háðar sömu reglum. Ein þeirra er Vetrarmynd sem nú er að finna í vestursal Kjarvalsstaða, í kompaní við niðurlenska flatarmálsfræði og sænska furðufuglinn Carl Frederik Hill. Vetrarmynd er opinn hópur með litinn kjarna, sem telur sig ekki þurfa að berjast fyrir einhverri sérstakri liststefnu og hann útlókar engan sýningarmöguleika. Live and let live. Og hefur gefist vel.

Þessi stefna, eða stefnuleysi, gerir sýningar Vetrarmyndar jafnan fjölbreyttar og þar sem vanir menn eiga í hlut, þá þarf áhorfandinn ekki að óttast það að rekast á viðvæninga innan um atvinnumennina.


Blandað af hugkvæmni

Helst má kannski að þessu fyrirtæki finna að þar eru ekki teknar miklar áhættur og þeir „nýlistarmenn“ sem boðnir eru til þátttöku eru flestir margreyndir og „viðurkendir“. Vetrarmynd mundi gera gott með því að bjóða með sér efnilegum og óreyndum nýliðum öðru hvoru.

Stærri hópur sýnir nú á vegum Vetrarmyndar en áður, 11 manns, en þetta er í þriðja sinn, sem þessi samsýning er haldin. Blandað er af hugkvæmni, því hér eru hreinrættadír olíumálarar, leirkerasmiður, vefari, tveir nýlistarmenn og nokkrir sem vinna með blandaðri tækni. Sjálf eru verkin yfir 90. Eins og áður er sýningin í háum gæðaflokki tæknilega séð, en samt fremur slétt og felld að yfirbragði. Þarna eru ekki óvæntir hlutir eins og myndir Atla Heimis forðum, skart Ófeigs Björns-



Sigríður Jóhannsdóttir & Leifur Breiðfjörð — Kvikuhaup og Hrimskot, vefur, 1980.



(DB-myndir Sig. Þorri).

HÆFILEG ENDURNÝJUN

Vetrarmynd með þriðju sýninguna að Kjarvalsstöðum


sonar eða glerflugdreki Leifs. Það sem í fljótu bragði virðist nýstárlegast, þ.e. ljósaverk Þórs Vigfússonar, er í raun mesta tuggan, — í beinan karllegg frá spámónum eins og Dan Flavan og Barnett Newman.

Myndlist

ADALSTEINN INGOLFSSON



Haukur Dór — Gríma, leir.



Hringur Jóhannesson — Náttúrulegmal, olía, 1980.

Kankvís eróttik

Baltasar hefur verið aðalhreifyafl þessara sýninga. Nú er hann nýkominn frá Amríkunnri og hefur með sér nokkrar teikningar af fólki sem hann fyrirhitti þar. Allt saman er þetta framkvæmt með þeim bravúr sem Mister B. er þekktur fyrir. Sem fyrr sér hann karakter fólks í líkamsstillingum þess fremur en andlitsdráttum, en er þó búinn að staðla uppstillingar sínar á fólki svo mjög að áhorfandinn velkist í vafa um það sem listamaðurinn er að segja í það og það skiptið. Bestar finnast mér þær mannamyndir Baltasar þar sem mest fer fyrir raunsæinu, t.a.m. í myndunum af prófessorum og læknum. En þessar myndir hans leyndu á sér — sjá yfirvegað absúrditetið í Föðurlandsteikningum hans og kankvísu eróttikina í öðrum verkum.

Með sitt meirapróf

Bragi Hannesson hefur verið í stöðugri sókn sem myndlistarmaður síðastliðin fimm ár eða svo og hér kemur hann fram með sitt meirapróf, fagaðar myndir sem bera honum gott vitni. Eftirtektarverður er sá lærdómur sem hann hefur dregið af myndum Ragnheiðar heitinnar Ream og nýtt sér á sinn máta.

Einar Þorláksson held ég að hljóti að standa á einhverjum krossgötum í list sinni. Upp á síðkastið hefur hann verið að minnast á landslag og hlutlæga tilveru í verkum sínum, en einhver snurða virðist hafa hlaupið þar á þráðinn, ef marka má myndir hans hér. Hlutlægar myndirnar eru

Haukur Dór á hér 4 höfuðverk, tvær leirgrímur (framhald af grímum þeim sem hann gerði fyrir DB) og tvær kolteikningar. Mér þykja þetta mögnuð verk í sinni primitífu skirskotun og fáir skilja eins vel landslag andlitsins og Haukur.

Ólgandi af náttúru

Það má alltaf reiða sig á hann Hring, segja þeir, föstu kunnarnir hans. Hringur kemur ekki á óvart, enda liggur aðall hans fremur í því yfirvegaða ferðalagi sem hann stendur fyrir í hverri mynd, ferð inn í myndheim sem ávallt virðist nýr, er þó kannski eins gamall og sköpunin.

Meðal nýrra norðanmynda Hringu eru a.m.k. þrjár úrvalsmyndir, Breitt yfir (37), Dalalæða (38) og Náttúrulegmal (39). Í litkrítarmyndum hans má einnig finna blæbrigði í túlkun sem við erum ekki vön að heimfæra á Hring, augnabliksstemningar og hugdettur.

Þau hjón Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð hafa lengi aðstoðað hvort annað í listinni og nú sýna þau vefnað sem ber ýmis formræn einkenni Leifs úr glerinu, en eflaust hefur samvinna þeirra verið gagnkvæm. Þessi ofnu stykki þeirra eru litrík og ólgandi af náttúru.

Lýsingin í salnum fer einna verst með hin fingerðu verk Magnúsar Tómassonar og áhorfandinn verður að vera með nefið næstum upp við glerið til að njóta þeirra til fulls.

Gagnvönduð ljóðræna setur sterkastan svip á þessar myndir, orð og orðaleikir geta af sér sérstakt sjónhorn, eða þá að hið séða verður kveikjan að sérkennilegum orðasamsetningum. Eitt dæmi: myndþrennan „Hámynd, miðmynd, lágmynd“ sýnir, í þeirri röð, gífsafsteypur af nefi listamannsins, nafla og fótum.

Niels Hafstein vinnur gjarnan í myndröðum eða eftir fyrir fram gefnu kerfi. Hér tekst honum skemmtilega að nýta sér ákveðna ljóðræna líkingu og snýr pappírsfugli yfir í koparstraujárni með yfirvegaðri ummyndun forma, en auk þess verður þessi ólíki efniviður fyllilega virkur í andstæðu sinni.

Tvíefldur til starfa

Sigurður Örylgsson hefur verið fjarri öllu sýningarhaldi um skeið. Nú kemur hann tvíefldur til starfa og er hér með einhver sterkustu málverk sín í nokkurn tíma. Sérstaklega er Hanagal (66) atkvæðamikilið stykki. Bæði eru hin ýmsu form á myndfleti Sigurðar óvenju samstæð og samvirk að þessu sinni og litirnir sömuleiðis. Einnig virðist Sigurður hættur að hafa áhyggjur af því þótt litflötur beri ekki eitthvert ákveðið form, sé bara hreinn litflötur, innlegg í rúmskipunina.

-AI.

ofhlaðnar og beiskar í litum en stærri afstraktmyndir eiginlega of losaralegar.



Sigurður Örylgsson — Hanagal, blönduð tækni, 1978—80.

HREYFILL

Sími 8-55-22

Höfum fjársterkan kaupanda

að einbýlis- eða raðhúsi í Mosfellssveit í skiptum fyrir fallega íbúð í Reykjavík.

Opíó laugardag og sunnudag frá kl. 1 til 5.

Eignanaust

Laugavegi 96, sími 29555.